

**Nd.**

**73. Frumvarp til laga**

[67. mál]

um breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

Flm.: Ellert B. Schram.

**1. gr.**

4. töluliður 8. gr. laganna falli niður.

**2. gr.**

Aftan við 1. málsg. 9. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefur íþróttanefnd samþykkt gerð og staðsetningu íþróttamannvirkis og mælt með styrkveitingu, og skal hún þá nema 40 af hundraði af stofnkostnaði við-

komandi mannvirkis. Styrkurinn skal inntur af hendi í samræmi við greiðsluáætlun, sem lögð er fram með styrkbeiðni og íþróttanefnd samþykkir. Beiðni og áætlun skal liggja fyrir ári áður en framkvæmd er fyrirhuguð og eigi síðar en 15. júlí ár hvert. Að fengnu samþykki íþróttanefndar skal gert ráð fyrir fjárveitingunni á fjárlögum komandi árs.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Gera skal áætlun um, að vangreiddur bókfærður stofnkostnaður íþróttamannvirkja hjá íþróttasjóði verði gerður upp á næstu 5—6 árum, og skal sú áætlun liggja fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973.

#### Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn öflugrar íþróttastarfsemi í landinu. Enginn vafi er á því, að skilningur á þýðingu og ágæti íþróttaiðkana hefur farið mjög vaxandi meðal alls almennings og reyndar ráðamanna sömuleiðis. Íþróttastarf er ekki einvörðungu mikilvægur þáttur uppeldis- og æskulýðsmála. Íþróttir hafa sannað gildi sitt á tímum aukinnar sjálfvirkni og innisetu og laða að sér, bæði sem heilsurækt og tómstundaiðja ungra sem gamalla. Þær eru almannaæign. Nauðsyn eðlilegrar uppbyggingar íþróttastarfsemi og íþróttamannvirkja ætti því að vera öllum ljós.

Löggjafar- og fjárveitingavaldið hefur viðurkennt hlutverk íþróttanna í orði með íþróttalögum nr. 49/1956, þar sem m. a. er gert ráð fyrir styrkveitingum úr íþróttasjóði ríkisins til íþróttamannvirkja, allt að 40 af hundraði stofnkostnaðar. Hér er um heimildarákvæði að ræða, en í reynd hefur bæði íþróttanefnd ríkisins og styrkbeiðendur miðað áætlanir sínar við 40% greiðslu úr sjóðnum. Í framkvæmd hefur íþróttasjóður þó hvergi nærri getað staðið við „skuldbindingar“ sínar, og er nú bókfærður, en vangreiddur stofnkostnaður íþróttamannvirkja hjá sjóðnum rúmar 74 millj. kr. Þessi staðreynd er til lítillar sæmdar fyrir ríkissjóð.

Íþróttanefnd, íþróttasamtök og sveitarfélög hafa átt undir fjárveitingavaldið að sækja frá ári til árs, og enda þótt einhverjar hækkanir hafi átt sér stað á fjárlögum, hafa þær virzt vera tilviljun háðar og í engu samræmi við þarfir sjóðsins. Sú óvissa, sem ríkt hefur um bolmagn sjóðsins, hefur dregið úr markvissri og eðlilegri uppbyggingu og endurnýjun íþróttamannvirkja og skapað margvíslega erfiðleika fyrir alla aðila.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að skylda íþróttasjóðs til að leggja fram 40% af stofnkostnaði sé lögfest, og er þá ekki annað gert en að binda fastmælum það, sem gengið hefur verið út frá í framkvæmd. Vinnst þá, að inn á fjárlög verði teknar þær fjárveitingar, sem íþróttanefnd mælir með, og styrkbeiðendur fá þá fyrir fram upplýst og ákveðið, hvenær greiðslur úr íþróttasjóði berast.

Jafnframt því, sem ríkissjóður tekur á sig þær skyldur, sem honum ber, er gert ráð fyrir, að áætlanir yrðu lagðar fyrir með a. m. k. árs fyrirvara og strangar kröfur verði gerðar um athugun og samþykki íþróttanefndar ríkisins, en á því hefur því miður orðið misbrestur.

Í annan stað er lagt til, að ríkissjóður horfist í augu við þá skuld, sem íþróttasjóður nú þegar er kominn í, og geri um það áætlun, hvernig sú skuld verði greidd. Flutningsmanni er ljóst, að svo stór upphæð verður ekki innt af hendi á stuttum tíma, og er því lagt til, að greiðsluáætlun verði miðuð við 5—6 ár, en sú tímaáætlun getur þó verið til athugunar.

Mörg myndarleg íþróttamannvirki hafa risið síðastliðinn áratug, einkum í Reykjavík, en mikið vantar þó á, þegar á landið allt er litið, að sú uppbygging hafi verið í

samræmi við þarfir og eðlilega þróun íþróttastarfseminnar. Augljóst er, að stórkostlegt átak þarf að eiga sér stað á allra næstu árum. Hjá öllum stærstu kaupstöðum og sveitarfélögum landsins liggja fyrir áætlanir um byggingu íþróttaleikvalla, íþróttahúsa og annarrar aðstöðu, jafnt fyrir keppni sem almenna íþróttaiðkun.

Jafnframt því, sem samþykkt frumvarps þessa yrði til stuðnings íþróttahreyfingunni sem slíkri, þá er hér um að ræða verulegt hagsmunamál sveitarfélaga og alls almennings, sem á annað borð lætur sig þessa vinsælu og nauðsynlegu starfsemi einhverju varða.